

Samþykktir (skipulagsskrá) Fyrir Markaðsstofu Hafnarfjarðar ses.

Heiti:

1.gr.

Félagið er sjálfseignarstofnun og er nafn þess Markaðsstofa Hafnarfjarðar ses.

Heimilisfang:

2. gr.

Heimilisfang Markaðsstofu Hafnarfjarðar ses. er að Linnestíg 3, Hafnarfirði.

Tilgangur:

3. gr.

Tilgangur stofnunarinnar er að efla atvinnuþróun og starfa að ferða- og markaðsmálum í Hafnarfirði með sérstakri áherslu á að auka atvinnustarfsemi innan marka bæjarfélagsins. Tilgangur félagsins er að efla samstarf atvinnulífsins, bæjarfélagsins og annarra sem vilja stuðla að uppbyggingu innan Hafnarfjarðar, í þeim tilgangi að bæta ímynd svæðisins og auka eftirspurn eftir hvers konar þjónustu eða atvinnustarfsemi á svæðinu. Tilgangur stofnunarinnar er því hvers konar ferða-, markaðs- og kynningarmál til að stuðla að því að byggð og fjölbreytt atvinnu- og búsetuskilyrði verði til staðar á svæðinu öllu.

Stofnandi:

4.gr.

Stofnendur stofnunarinnar eru:

220 Fjörður	620615-1290
Aðalskoðun hf.	540994-2269
Allra Átta	460504-3250
Almannatengsl greining og ráðgjöf	690414-0310
AOK verkstæði arkitekta ehf.	570800-2210
Annríki - þjóðbúningar og skart ehf.	700693-2799
Apal	590307-0760
Art werk ehf.	681209-0340
Atlantsolía	590602-3610
Álfagarðurinn	601115-2040
Bílaleigan Hertz	471299-2439
BJB Pústþjónustan	690494-2679

Blómabúðin Burkni	490169-5129
Dyr ehf.	550997-2239
Ferðaskrifstofan Gaman Ferðir	430212-1090
Fjörukráin Hótel Víking, Hafnarfirði	630490-1119
Gaflaraleikhúsið	690910-0390
Hafnarfjarðarbær	590169-7579
Hafnarfjarðarhöfn	590169-5529
Lagnavirki	510397-2589
Haraldur Jónsson ehf.	680202-3970
H-Berg	640707-0110
Heiddis illustrations	680214-0850
Heilsudalurinn ehf.	540497-2140
Heima hjá þér slf. Bankúnn	711013-1800
Hópbílar	430192-2059
Hótel Hafnarfjörður	571007-0530
Hótel Vellir ÓG hótel ehf.	470111-1190
HSG	460705-1340
Húsfélagið Fjörður	691194-2649
Íshús Hafnarfjarðar	420414-0130
JM Veitingar ehf.	540709-0330
Karl Guðmundsson	100474-3289
Kerfi fyrirtækjaþjónusta ehf.	541210-0400
Kjötkompaní	500709-0140
Litla Hönnunar Búðin	570714-1710
Lyng	641091-1039
Lögmenn Thorsplani	480293-2239
Margt og Merkilegt ehf.	540885-0289
Marko Merki	701095-2279
Markús Lífenet ehf.	470706-0230
Matbær ehf.	691009-0250
Menningar- og listafélag Hfj.	510507-3550
Naust Marine	620293-2299
Norðurbakkinn	470706-0234
Ópal Sjávarfang	620205-0600
Pallett Kaffikompaní	660412-0690
Pappír hf.	620988-1039
Rótor ehf.	670789-1369
Saltkaup ehf.	460290-1559
Samkaup ehf.	571298-3769
SCO ehf.	490910-1830
Sign ehf.	490309-0980
Sjónlínan ehf.	650303-3260
Súfistinn - S.L. Kaffi	650909-0460
Te og kaffi hf.	53048-40179
TRU, Flight training Iceland	701007-1740
Urta Islandica	650113-0120

Útgerðin/Alda G. Áskelsdóttir
Víngerðin ehf.

291268-3589
470909-0800

Stofnfé:

5.gr.

Stofnfé stofnunarinnar er kr. 1.000.000,- sem er framlag stofnenda félagsins.
Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim eignum er
hún kann að eignast síðar.
Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

Tekjur:

6.gr.

Tekjur stofnunarinnar skulu vera:

Framlög stofnenda

Árgjöld

Tekjur af auglýsingum

Tekjur af vörum og þjónustu sem stofnunin kann að veita

Vaxtatekjur

Styrkir, gjafir eða önnur framlög sem stofnuninni kunna að berast.

Aðrar tekjur

Stjórn:

7.gr.

Stjórn Markaðsstofu Hafnarfjarðar ses. skal skipuð sjö stjórnamönnum og tveimur varamönnum. Þrjú stjórnarmenn og einn varamaður skulu tilnefndir af bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Fjórir stjórnarmenn skulu kosnir á aðalfundi Markaðsstofu Hafnarfjarðar, þannig að árlega skulu kosnir tveir stjórnarmenn til tveggja ára og annað hvert ár einn varamaður til tveggja ára sem valinn er í stjórn á grundvelli atkvæðafjölda skv. 1. mgr. Þeir sem greitt hafa árgjald stofnunarinnar skulu hafa kjörgengi og kosningarétt á aðalfundi til stjórnarkjörs, skv. 1. mgr. Eitt atkvæði fylgir hverju greiddu árgjaldi.

Varamenn taka þannig sæti að við forföll aðalmanns tilnefndum af bæjarstjórn skal varamaður tilnefndur af bæjarstjórn taka sæti. Við forföll aðalmanns kosnum á aðalfundi Markaðsstofu Hafnarfjarðar skal varamaður kosinn á aðalfundi taka sæti.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum og velur hún sér formann, varaformann, ritara og gjaldkera. Stjórnin stýrir öllum málefnum stofnunarinnar og kemur fram út á við fyrir hönd hennar. Stjórnin skal

sjá til þess að skipulag og starfsemi hennar sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda stofnunina. Stjórn stofnunarinnar getur veitt prókúruumboð fyrir stofnunina.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tæk á að fjalla um málið, sé þess nokkur kostur. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Halda skal fundargerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum.

8. gr.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda og skal boða fundi með a.m.k. tveggja daga fyrirvara. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt á framkvæmdastjóri. Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

9. gr.

Stjórn stofnunarinnar ræður framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Framkvæmdastjóri ræður annað starfsfólk. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri stofnunarinnar og kemur fram fyrir hönd hennar í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur stofnunarinnar, sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

10. gr.

Stjórn stofnunarinnar skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur (eða endurskoðendafélög) ásamt varamönnum til að endurskoða reikninga stofnunarinnar fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

Reikningsárið:

11. gr.

Starfsár og reikningsár er frá 1. janúar til 31 desember. Stjórnin skal hafa lokið gerð ársreiknings og lagt hann fyrir endurskoðendur eigi síðar en 1. mars ár hvert. Aðalfund stofnunarinnar skal halda fyrir lok maímánaðar ár hvert. Ársfundur skal boðaður með opinberri auglýsingu með tveggja vikna fyrirvara, þar sem fram kemur dagskrá fundarins.

12. gr.

Hagnaði sem verður af starfsemi stofnunarinnar skal valið til þeirra verkefna er greinir í 3. gr. samþykkt þessara. Þó er stjórn hennar heimilt að leggja sanngjarna fjárhæð til hliðar til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur stofnunarinnar.

Hugsanlegt tap af starfsemi stofnunarinnar verður greitt úr sjóðum félagsins eða fært á næsta reikningsár.

Óheimilt er að skuldbinda stofnunina umfram það sem nemur $\frac{3}{4}$ eigin fjár hennar á hverjum tíma.

Breyting samþykka, slit og sameining:

13. gr.

Heimilt er að breyta samþykktum stofnunarinnar og þarf til þess samþykki allra stjórnarmanna stofnunarinnar á tveimur fundum stjórnar, sem haldnir skulu með minnst einnar viku millibili, svo og samþykki þeirra aðila sem hafa lagt fram minnst 2/3 hluta þess stofnfjár sem farið er með atkvæði fyrir. Til að auka skuldbindingar aðila þarf þó samþykki þeirra allra.

14. gr.

Með tillögum um slit og skipti á stofnuninni skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Komi til þess að stofnunin verði lögð niður skal hrein eign hennar renna til hliðstæðra verkefna og tilgreind eru í 3. gr. eftir nánari ákvörðun stjórnar.

15. gr.

Þar sem ákvæði samþykka þessara ná ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur nr. 33/1999, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Samþykkt á fundi Markaðsstofu Hafnarfjarðar ses. í Hafnarfirði , hinn 22. október 2015

Sjöundu grein í samþykktum þessum var breytt í maí 2019 og breytingin staðfest af 2/3 hluta stofnaðila.